



Til: skipulag@kopavogur.is, skipulag@reykjavik.is, birgir@kopavogur.is  
Efni: Deiliskipulagstillaga á vinnslustigi - Brú - Fossvogur  
Upplýsingar: Sent: 19.06.2018 14:25:48 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018060007, Bréfalyklar: 42-0 Um almennt

Tilvísun í mál: 2018060007

Vísað er til bréfs frá Reykjavíkurborg, dags. 1. júní sl., og Kópavogsbæ, dags. 28. maí sl., þar sem vakin er athygli Náttúrufræðistofnunar Íslands á tillögu á vinnslustigi fyrir deiliskipulag ásamt greinargerð vegna lagningu brúar yfir Fossvog fyrir almenningssamgöngur og sem hjóla- og göngustíg.

Út frá starfssviði Náttúrufræðistofnunar telur stofnunin að gæta þurfi sérstaklega að því að tryggja, verði að byggingu brúar yfir Fossvog, að brúin raski ekki lífríki á svæðinu bæði vegna hugsanlegra landfyllinga eða vegna breytinga í vatnsskiptum í vöginum. Í kafla 2.2. er greint stuttlega frá lífríki og vernduðum svæðum í Fossvogi og í kafla 4 Umhverfisskýrslu er komið inn á þá þætti sem þarf að skoða sérstaklega s.s. vatnsskipti og áhrif landfyllinga á lífríki.

Náttúrufræðistofnun telur að í tillögunni/umhverfisskýrslunni séu þeir þættir nefndir sem þarf að skoða hvað varðar náttúruvarnir við frekari vinnslu deiliskipulagstillögunnar. Á þessu stigi málsins er hins vegar, eðli málsins samkvæmt, erfitt að meta gæði þeirrar vinnu sem er framundan og hvað hún muni leiða í ljós t.d. hvað varðar áhrif á lífríki á svæðinu. Eins og öllum er ljóst hefur mikið verið gengið á lífríki fjara á höfuðborgarsvæðinu og því mikilvægt að raska eins litlu og mögulegt er en ein leið í því er að finna heppilegar lausnir við framkvæmdir þ.e. lausnir sem taka tillit til þess lífríkis, jarðfræði og landslags sem er til staðar.

Við frekari vinnslu á deiliskipulaginu vill Náttúrufræðistofnun benda á Fjölrit stofnunarinnar nr. 54 og 55 sem fjalla annars vegar um Vistgerðir á Íslandi, sjá hér: <http://www.ni.is/grodur/vistgerdir> (vistgerðir í fjöru <http://www.ni.is/grodur/vistgerdir/fjara> ) og hins vegar Mikilvæg fuglasvæði, sjá hér: <http://www.ni.is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fuglasvaedi> (Álfanes - Skerjafjörður <http://www.ni.is/node/16104> ). Sjá einnig kortasjá: <http://vistgerdakort.ni.is/> .

Almennt vill Náttúrufræðistofnun benda á að í lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 er að finna ýmis ákvæði sem eru leiðbeinandi um hvernig ber að nálgast vernd náttúruminja (s.s. lífríkis, jarðminja og landslags). Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að í allri skipulagsvinnu sé skoðað hvernig það samræmist almennum markmiðum laganna sem koma fram í 1., 2. og 3. gr. þeirra, 1. gr. (*Markmið laganna*), 2. gr. (*Verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir*) og 3. gr. (*Verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni*). Einnig þarf að skoða einstakar greinar sem geta átt við. Hér má t.d. nefna greinar 6. til 12. um meginreglur hvað varðar náttúru- og umhverfisvernd, 14. gr. um hlutverk náttúruverndarnefnda, kafla IV um almannarétt, útivist og umgengni, kafla IX um friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda, 61. gr. um sérstaka vernd vistkerfa, jarðminja o.fl., 63. grein um framandi lífverur og svo auðvitað kafla XII um skipulagsgerð, framkvæmdir og fleira, greinar 68. til 73., þar sem komið er inn á gerð skipulagsáætlana, hönnun mannvirkja og ræktun.

Við gerð skipulagsáætlana er mikilvægt að skoða áhrif skipulagsins m.t.t. allar framangreindar lagagreina sem ýmist geta átt við eða ekki.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir í skipulagsvinnu byggji á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvarnir og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)

